

## REGLUGERÐ

### um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.

#### 1. gr.

Allar veiðar með togvörpu og dragnót eru bannaðar innan þriggja mílna frá fjörumarki meginlandsins á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu, sem dregin er réttvísandi suður frá Stokksnesvita og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi suður frá Reykjanesvita.

#### 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru dragnótaveiðar heimilaðar á eftirgreindum svæðum og tímum:

- A. Frá og með 1. mars til og með 31. maí milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suður frá Selvogsvita og Reykjanesvita.
- B. Frá og með 1. júní til og með 31. júlí milli 20°06'V og 19°48'V, sbr. þó reglugerð nr. 732, 13. desember 1997, um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja.
- C. Frá og með 1. mars til og með 30. júní milli 18°18'6 V og 17°00'V.
- D. Frá og með 1. apríl til og með 31. maí, að línu í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli 16°34'V og 15°45'V.

#### 3. gr.

Allar veiðar með togvörpu og dragnót eru bannaðar umhverfis Vestmannaeyjar innan línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki eftirgreindra eyja og skerja: Elliðaeyjar, Bjarnareyjar, Heimaeyjar, Suðureyjar, Helliseyjar, Súlaskers, Geirfuglaskers, Geldungs, Álseyjar, Grasleysu, Þrídranga og Einidrangs. Að norðan markast svæðið af línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, sbr. reglugerð nr. 732/1997.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru veiðar með dragnót og fótrepisvörpu heimilaðar á eftirgreindum svæðum og tíma:

- A. Frá og með 21. febrúar til og með 15. maí á svæði vestan línu, sem dregin er í réttvísandi norður frá Heimaey, þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman og norðan og vestan línu, sem dregin er frá Heimaey um Grasleysu í Þrídranga, þaðan í Einidrang og síðan í réttvísandi suður.
- B. Frá og með 16. maí til og með 31. júlí á svæði, sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- 1. 63°22'N - 20°24'V
- 2. 63°22'N - 20°30'V
- 3. 63°26'N - 20°28'V
- 4. 63°26'N - 20°22'V

#### 4. gr.

Fótrepisvarpa, sbr. 2. mgr. 3. gr. er varpa sem búin er fótrepri gerðu úr vír eða keðju sem skifur, körtur úr gúmmí eða gerfiefni er þrætt upp á, enda sé heildarþvermálið ekki meira en 20 sm.

#### 5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 67, 18. febrúar 1993 um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi, með síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. mars 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

## GJALDSKRÁ

**fyrir mengunarvarnaeftirlit á Vesturlandssvæði.**

## 1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er sveitarstjórnnum heimilt, samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í flokka eftir eðli og áhættu starfseminnar í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari, sbr. og viðauka 8 og 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á starfssvæðinu samkvæmt framangreindu fylgiskjali. Fyrirtæki sem hefja rekstur fyrir 1. júlí greiða fullt eftirlitsgjald en annars hálf gjald.

Fyrirtæki sem geta fallið undir fleiri en einn flokk skulu flokkuð undir þann flokk sem mest vægi hefur.

## 3. gr.

Þegar gefin eru út ný starfsleyfi vegna eftirlitsskyldra fyrirtækja skal taka gjald sem nemur hálfu eftirlitsgjaldi, sbr. flokkun þeirra í fylgiskjali.

Sé um endurnýjun leyfis að ræða og/eða breytingar á rekstri eða húsakynnum, er heimilt að innheimta hálf starfsleyfisgjald. Ef framkvæmdastjóri metur breytingar smávægilegar er honum heimilt að lækka eða fella gjaldið niður.

## 4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi sem talin er upp í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, ásamt síðari breytingum, sbr. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skal innheimta árlegt gjald sem hér segir, enda fari reglubundið eftirlit fram í samræmi við mengunarvarnareglugerð:

|            |            |
|------------|------------|
| 1. flokkur | kr. 50.000 |
| 2. flokkur | kr. 35.000 |
| 3. flokkur | kr. 25.000 |
| 4. flokkur | kr. 20.000 |
| 5. flokkur | kr. 10.000 |